

# Lagabreytingatillögur stjórnar

24. Skautaping ÍSS 2023



## Lagabreytingatillögur stjórnar ÍSS

Stjórn ÍSS leggur hér fram tillögur sínar að lagabreytingum sem teljast nauðsynlegar og til framþróunar á skautaíþróttum á Íslandi.

### 5. grein: Valdsvið og fulltrúar

Tillaga að breytingu á fulltrúafjölda á þingi sem á að stuðla að réttlátri dreifingu valds milli félaga og að ekkert eitt félag geti náð ráðandi stöðu á Skautaþingi.

Þetta er í fjórða sinn sem lögð er til breyting á þessari grein og er það von stjórnar að núna komist þing loksins að sameiginlegri niðurstöðu.

## II. Kafli Skautapíng

### 5. grein Valdsvið og fulltrúar

Skautapíng fer með æðsta vald í málefnum ÍSS.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttafélögum sem mynda ÍSS.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkra iðkenda skautaíþróttta, sbr. 2. grein. Virkir iðkendur teljast þeir sem greidd voru iðkendagjöld fyrir á almanaksárinu fyrir þing. Hver iðkandi telst aðeins einu sinni á almanaksárinu samkvæmt nafnalistum:

- ~~1. Fyrir fyrstu 50 iðkendur koma 2 fulltrúar.~~
- ~~2. Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50.~~

2 atkvæði fyrir fyrstu 50 iðkendur

1 viðbótaratkvæði fyrir 51-100

1 viðbótaratkvæði fyrir 101-200

1 viðbótaratkvæði fyrir 201 og fleiri.

Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í skautaíþróttum sbr. 1. gr, skal þó eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á sársambandsþingi til viðbótar við fulltrúa aðildarfélaga innan viðkomandi héraðssambands/-íþróttabandalags.

Á skautapíngi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi með atkvæðisrétt hefur eitt atkvæði.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

1. Stjórn ÍSS, varastjórn og skoðunarmenn ársuppgjörs.
2. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
3. Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSÍ.
4. Nefndarmenn ÍSS.
5. Forseti ÍSÍ.

Ef ástæða þykir getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum þingsetu.